

Fundur 449

Föstudaginn 31. mars 2017 kl. 17:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Grand hótél við Sigtún í Reykjavík. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Karl Björnsson, Lilja Sigurðardóttir, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hinrik Gunnarsson endurskoðandi hjá Endurskoðendapjónustunni (við dagskrárliði 1-2), Helga Harðardóttir endurskoðandi hjá KPMG (við dagskrárliði 1-2), Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar E. Einarsson boðaði forföll og hafði varamaður hans ekki tök á að mæta.

Formaður setti fund kl. 17:03 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Ársreikningur 2016 og skýrsla innri endurskoðunar.
3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017.
4. Fundargerðir lánanefndar.
5. Lán til stuðnings við atvinnurekstur kvenna.
6. Undirskriftalisti vegna úthlutunar aflamarks á Raufarhöfn – lagt fram.
7. Önnur mál.
8. Næsti fundur.

1. Fundargerðir síðustu funda

Formaður bar upp fundargerði síðustu tveggja fundar nr. 447 og 448 og voru þær samþykktar samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Ársreikningur 2016 og skýrsla innri endurskoðanda

HG fór yfir ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2016. Hagnaður ársins nam 157 mkr. Eignir námu 14.140 mkr., skuldir voru 11.233 mkr. og eigið fé 2.908 mkr. Eiginfjárlutfall var 22,74% í árslok en má minnst vera 8% auk 3,75% eiginfjárauka.

HG fór einnig yfir endurskoðunarskýrslu sína þar sem fram komu helstu áherslur í endurskoðuninni og niðurstöður.

HH fór yfir skýrslu innri endurskoðanda og helstu áherslur í skoðun ársins. Almennt er talið að innra eftirlit sé með ágætum þótt í einhverjum tilvikum megi gera betur.

Fyrir fundinum lá skýrsla endurskoðunarnefndar vegna ársreikningsins.

MH fór yfir helstu sundurliðanir í ársreikningnum.

Formaður bar upp ársreikninginn og var hann samþykktur samhljóða

HG og HH viku af fundi.

3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017

AP og SBS fóru yfir stöðu verkefna á starfsáætlun. Með starfsáætluninni fylgdi einnig rekstraruppgjör til febrúar 2017.

4. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 9/17, 1. mars 2017

AME fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 10/17, 8. mars 2017

AME fór yfir fundargerðina.

...

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 11/17, 15. mars 2017

AME fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 12/17, 24. mars 2017

AME fór yfir fundargerðina.

...

...

...

Fundargerðin staðfest.

5. Lán til stuðnings við atvinnurekstur kvenna

Lánanefnd hefur nú nýtt að fullu þær 200 m.kr. sem eyrnamerkta voru í lánaflökk til stuðnings fyrirtækjareksturs kvenna. Mælt er með því að verkefninu verði fram haldið og 200 m.kr. til viðbótar gerðar aðgengilegar í lánaflökkinn. AME fór yfir minnisblað um lánveitingarnar og hvernig þær skiptust.

Lagt er til að gerðar verði tvennar breytingar á reglum um ofangreindan lánaflökk með hliðsjón af fyrri reynslu.

- lið 2 breytt þannig að setningin „Hægt er að samþykkja hærra lán ef trygg veð eru fyrir fyrir hendi samkvæmt hefðbundnu lánshæfismati“ verði felld út. Ástæðan er sú að fjármögnun úr flokknum er helst hugsuð til þess að koma smærri verkefnum

af stað með hagstæðum kjörum og að stærri verkefni sæki frekar fjármögnun í almennan lánaflökk.

- orðinu „Skilyrði“ í lið 9 sé breytt í „Mælst er til“. Oft koma verkefni sem eru vel ígrunduð frá færum aðilum og því ekki þörf á þessu skilyrði í öllum tilfella. Að öðru leyti eru ekki lagðar til breytingar á reglum um lán til stuðnings við fyrirtækjarekstur kvenna.

Samþykkt samhljóða.

6. Undirskriftarlisti vegna úthlutunar aflamarks á Raufarhöfn

Fyrir fundinum lá áskorun til Byggðastofnunar og undirskriftarlisti um að stofnunin endurskoðaði aukaúthlutun sértæks byggðakvóta til fyrirtækja á Raufarhöfn.

Í umræðu um máli komu fram áhyggjur af því að sjónarmið Byggðastofnunar hefðu ekki heyrst og einhliða umfjöllun hefði verið um málið.

Formaður bar upp eftirfarandi bókun:

„Stjórn Byggðastofnunar hefur móttengið undirskriftalista vegna úthlutunar sérstaks viðbótar aflamarks á Raufarhöfn með ákvörðun stjórnar stofnunarinnar þann 24. febrúar síðast liðinn. Þrjár umsóknir bárust um aflamarkið og var ákveðið að ganga til samninga við GPG seafood og samstarfsaðila á Raufarhöfn. Umsóknum Öfundar ehf. og Hólmsteins Helgasonar ehf. var hafnað.

Við afgreiðslu umsókna um aflamark Byggðastofnunar á Raufarhöfn hefur stofnunin í hvívetna leitast við að hafa bestu hagsmuni byggðarlagsins í huga og vinnur úr umsóknum í samræmi við skýrar verklagsreglur og viðmið sem birt eru á heimasíðu stofnunarinnar. Við ráðstöfun aflamarks Byggðastofnunar hefur verið leitast við að ná samstarfi aðila á viðkomandi stöðum um veiðar og vinnslu þess afla sem samningur kveður á um. Reynt var, í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, að ná samstarfi aðila um þessar viðbótarafloheimildir. Ekki reyndist vera grundvöllur fyrir samstarfi umsækjenda og því varð að velja á milli umsókna.

GPG seafood hefur um árabíl rekið bolfiskvinnslu á Raufarhöfn. Vinna var þó ekki stöðug allt árið, en frá því að fyrst var samið við fyrirtækið um vinnslu 400 þorskígilda aflamarks Byggðastofnunar um áramótin 2013/2014 hefur vinna verið stöðug allt árið um kring auk þess sem starfsmönnum hefur fjölgað og nú eru þar um 30 ársverk í landvinnslu, mun fleiri störf en aðrar umsóknir bera með sér. Fyrirtækið hefur í einu og öllu staðið við samning sinn við Byggðastofnun um aukna byggðafestu á Raufarhöfn. Það var mat stofnunarinnar að fengnum framangreindum umsóknum um 100 tonn til viðbótar á Raufarhöfn að mestum byggðaáhrifum með þeirri úthlutun yrði náð með því að treysta enn frekar grundvöll vinnslu GPG á Raufarhöfn. Þar skiptir ennfremur máli að rekstrarhorfur aðila í bolfiskvinnslu eru erfiðar nú um stundir vegna sterks gengis íslensku krónunnar.

Byggðastofnun er hér eftir sem hingað til reiðubúin að hitta umsækjendur til að gera nánari grein fyrir ákvörðun þessari.“

Bókunin samþykkt samhljóða.

7. Aflamark á Bakkafirði

SÁ fór yfir minnisblað sem lá fyrir fundinum um úthlutun á aflamarki á Bakkafirði.

Þann 29. mars 2016 gerði Byggðastofnun samning við aðila á Bakkafirði um ráðstöfun 150 þorskígildistonna af Aflamarki Byggðastofnunar. Samningurinn skiptist upp í tvö teymi í kringum hvora vinnslu fyrir sig. Toppfiskur ehf., Marinó Jónsson ehf., Hróðgeir hvíti ehf., Lómagnúpur ehf. og Fljótir flutningar ehf. sem mynda annað teymið í samningnum og Halldór fiskvinnsla ehf., Hraungerði ehf. og Þollur ehf. sem mynda hitt teymið í samningnum. Það sem af er samningstímabilinu hefur teymi Halldórs fiskvinnslu ehf. staðið við sinn hluta samkomulagsins. Engin vinnsla hefur hins vegar í húsi Toppfisks ehf. á tímabilinu desember-febrúar á þessu ári og takmörkuð fyrstu þrjá mánuði fiskveiðiársins. Auk þess hefur komið fram í erindum frá samstarfsaðilum Toppfisks ehf. að félagið skuldi útgerðunum verulega fjármuni og að óvíst séu um heimtur á þeim.

Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að forstjóri fái heimild til að auglýsa aflaheimildir, í heild eða að hluta, vegna Bakkafjarðar að nýju komi til uppsagnar samninga af hálfu stofnunarinnar eða samningsaðila.

Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Ársfundur Byggðastofnunar

Ársfundur Byggðastofnunar verður haldinn þriðjudaginn 25. apríl. í Varmahlíð í Skagafirði. Stjórnarfundur verður um morguninn. Verið er að vinna í dagskrá og verður hún send út fljótlega.

Stefnumótun í heilbrigðisþjónustu aldraðra

KB sagði frá stefnumótun í heilbrigðisþjónustu aldraðra, en þar undir er verkefni sem nefnist „Rural medicine“ Gengur verkefnið út á að unnið verði tilraunaverkefni þar sem horft verði til almennrar heilbrigðisþjónustu ásamt öldrunarþjónustu og samspils þar á milli. Meðal annars verði leitast við að koma á þjónustu sem komi til móts við einangrun og/eða fjarlægð frá sérhæfðari þjónustu. Hvatti Karl til þess að stofnunin taki þátt í verkefninu. Forstjóri og forstöðumaður þróunarsviðs munu taka málið upp við velferðarráðuneytið.

Laun stjórnarmanna

KB spurðist fyrir um hvað liði svari varðandi endurskoðun á launum stjórnarmanna. Formaður upplýsti að þóknana nefnd hefði svarað bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (ANR) í nóvember. Þar kom fram að þóknana nefnd taldi það ekki á sinni könnu að taka til baka lækkun sem ráðuneytið hefði sjálft ákveðið. ANR hefur ekki brugðist við þessu bréfi þóknana nefndar.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður þriðjudaginn 25. apríl í Varmahlíð í Skagafirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:50

Magnús Helgason, fundarritari
